

Þing KLI
19.mai 2009

Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður setti þingið og tilnefndi Hafstein Pálsson (HP) sem þingforseta og Hörð Inga Jóhannsson (HIJ) sem þingritara. Þeir voru báðir samþykktir og þakkaði Hafsteinn traustið og byrjaði þingstörf.

HP leitaði athugasemda með boðun þings, engar komu fram og þing rétt boðað. Þingfulltrúar eru 20, frá ÍBR eru 13, frá UMSK eru 5 og frá ÍA eru 2.

Fyrsta mál var að kjósa fastanefndir.

Skýrsla fráfarandi stjórnar, ÞI impraði á ýmsu þess á meðal að kreppan hefði sem betur fer ekki komið alvarlega niður á keilunni. Aðstöðumál við það sama, keilumót gengu vel fyrir sig og var fjöldi keppenda svipaður og í fyrra eða jafnvel aðeins fleiri í sumum mótum. Keppnir erlendis urðu 5 á árinu og fengum við fyrstu verðlaun í heimsmeistaramóti er við fengum brons í tvímenning. Nefndarstörf gengu almennt vel, ráðinn var starfsmaður og landsliðsþjálfari á árinu. Að lokum þakkaði ÞI fyrir gott keiluár og vonaðist eftir áframhaldandi góðu samstarfi við keilara.

Kjörbréfanefnd lauk störfum, Helga Sigurðardóttir (HS) tók til máls og tjáði fundarmönnum að þeir sem á fundinn komu væru einnig á kjörbréfum og þingforsreti lýsti því næst fundinn löglegan.

Gjalkeri Valgeir Guðbjartsson (VG) tók næstur til máls og flutti ársreikninginn.

Rekstrarárið var nokkuð gott og skilaði KLÍ 533.638 kr. í hagnað á árinu.

Orðið laust um skýrslu stjórnar, Reynir Þorsteinsson spurði um kostnað þjálfara og starfsmann og fékk svör við því frá VG.

Skýrsla stjórnar og ársreikningur borinn upp og samþykktir samhljóða.

Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, frá ÍSÍ kom í púlt og bar kveðju frá forseta ÍSÍ og talaði um nýafstaðið þing ÍSÍ, ræddi um nýja þingmenn sem kostnir voru á þing, að konur væru á undanhaldi í stjórn ÍSÍ, talaði um kreppuna og að það væri betra ástand úti á landi. Hún talaði um frábæra skýrslu KLÍ og gott ástand í fjármalum og óskaði KLÍ sérstaklega til hamingju með að hafa skilað hagnaði. Hún kom inná ferðasjóð ÍSÍ, áætlun var að ÍSÍ átti að fá 90 mil í ferðasjóð en fær væntanlega 60 mil.

Ríkistyrkir til ÍSÍ verða sömu og voru í fyrra.

Átakið Hjólað í vinnuna er í gangi og er mikið aukning í þátttöku.

Hún hvatti sambandsaðila að kynna Fyrirmyndafélag ÍSÍ fyrir sínum félögum, en það er gæðaviðurkenning í mörgum bæjarfélögum.

12. smáþjóðaleikarnir verða á Kýpur og verður sendur sami fjöldi á leikana og í fyrra. Að lokum óskaði hún okkur góðs þings.

Hafsteinn óskaði eftir að fjárhagsáætlun færi beint í fjárhagsnefnd og önnur þingskjöl til laga og leikreglanefndar og var þetta samþykkt.

Þinghlé og nefndarstörf í 15 mín.

Þingforseti tók til máls og byrjað var á laga og leikreglanefnd.

VG var í forsvari fyrir nefndina og lagði til að þingskjal nr. 2 yrði fellt, enginn tók til máls og var hún borin upp . samþ. Að þingskjal nr. 2 var fellt.

Þingskjal nr. 3 var borið upp með smá breytingum og var samþykkt með öllum atkvæðum nema einu.

Þingskjal nr. 4 óbreytt úr nefnd og orðið laust og fór umræða af stað meðal annars að færri leikir væru til að hvetja þá sem spila minna að spila í Íslandsmoti, einn þingfulltrúi, sem sagðist tilheyrir lakari spilurum, studdi tillöguna um fleiri leiki.

Einnig kom fram að fyrri og seinni dagur þarf ekki að vera dag eftir dag, þá var talað um að neikvætt væri að hafa fleiri leiki því að kostnaður væri helmingi meiri.

Umræða hélt áfram og sitt sýndist hverjum. Hafsteinn óskaði um að kæmi tillaga um

breytingu og kom tillaga um að spilaðir yrðu 3 og 3 leikir. Breytingatillagan var samþykkt.

Þingskjal nr. 5 var borið upp til umræðu og var breytingatillaga sett fram um að forgjöf yrði 80% af 200 og þeir sem eru með yfir 200 í meðaltal verði með mínus forgjöf. Breytingareglan samþykkt samhljóða.

Þingskjöl 4 og 5 borin upp saman eftir breytingar og samþ. samhljóða.

Þingskjal nr 6 borið upp óbreytt og samþ. samhljóða

Alsherjarnefnd fékk eina tillögu um að veitt yrði viðurkenning fyrir Íslandsmet á árinu, þingforseti fór þess á leit við fundarmenn að sú tillaga færi fyrir stjórn og var það samþ.

Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) úr fjarhagsnefnd tók til máls og gerði smávægilegar breytingar á fjárhagsáætlun KLÍ

Borið upp fjárhagsáætlun með breytingum fyrir 2009, var hún samþ

Áætlun fyrir 2010 borin upp með breytingum, var hún samþ.

Næst eru önnur mál og þingforseti kvaddi sér hljóðs og talaði um að sérsambönd þyrftu að skoða eiginfjárstöðu sína með það í huga að fjárfrek verkefni sem eru fyrri hluta ársins og greidd útaf reikningi sambandsins, klári ekki innistæðu reikningsins þar sem innkoma kæmi jafn vel ekki fyrr en seinni hluta ársins. Orðið var gefið laust og enginn kvað sér hljóðs og var þessum lið lokað hið snarasta.

Næsta mál var kostning í stjórn og varastjórn.

Kjörnefnd tók til máls og nefndi að 2 aðilar gæfu kost á sér í aðalstjórn þeir væru Reynir Þorsteinsson og Helga Sigurðardóttir og voru þau sjálfkjörin.

Í varastjórn eru 4 í kjöri, þeir voru: Guðmundur Kristófersson (GK), Sigurlaug Jakobsdóttir (SJ), Guðmundur Sigurðsson(GS) og Sigurvin Hreinsson(SH). Fór því næst fram kosning.

Kosningu hlutu GK 20 atkvæði, SJ 20 atkvæði og GS14 atkvæði.

Þinggerð verður í samráði við stjórn kláruð hið fyrsta.

Þingi slitið kl. 19:20

Þinggerð ritar:
Hörður Ingi Jóhannsson